

Framlenging gildandi kjarasamnings

milli

Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna

og

Já hf.

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 28. febrúar 2015 að því frátöldu sem hér segir:

1. gr. hækkun launa

Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla kr. 14.600, hverjum starfsmanni í sama hlutfalli og starfshlutfall viðkomandi segir til um, sem er við störf í janúar og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum nóvember-desember 2013 og janúar 2014. Eingreiðsla er greidd eigi síðar en 1. apríl 2014.

Ný launatafla þjónustufulltrúa verður þannig frá 1. febrúar 2014:

	1	2	3	4	5
Flokkur 13	212.023	216.742	221.601	226.607	231.762
Flokkur 14	216.742	221.601	226.607	231.762	237.072
Flokkur 15	221.601	226.607	231.762	237.072	240.794
Flokkur 16	226.607	231.762	237.072	240.794	246.426
Flokkur 17	231.762	237.072	242.544	248.176	253.979
Flokkur 18	237.072	240.794	246.426	252.229	258.207
Flokkur 19	240.794	246.426	252.229	258.207	264.364
Flokkur 20	246.426	252.229	258.207	264.364	270.703

2. gr. breyting á launaflokkum og bónusgreiðslum

- Fastráðnir þjónustufulltrúar í launaflokki 13 fara í launaflokk 17.
- Fastráðnir þjónustufulltrúar í launaflokki 15 fara í launaflokk 19.

Samhliða fellur félagið frá því að greiða starfsmönnum frammistöðutengdan bónus.

3. gr. desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

- Kr. 82.100 á árinu 2014

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

- Kr. 39.500 á árinu 2014

4. gr. orlofsdagar

- Eftir 5 ár í starfsgrein > 25 daga orlof og orlofslaun 10,64%
- Eftir 5 ár í fyrirtæki > 27 daga orlof og orlofslaun 11,59%
- Eftir 10 ár í fyrirtæki > 30 daga orlof og orlofslaun 13,04%

5. gr. ákvæði í kjarasamningi um veikindi í orlofi

Viðeigandi ákvæði kjarasamninga um veikindi í orlofi breytist og hljóðar svo:

Veikindi og slys í orlofi

„Veiklist starfsmaður í orlofi innanlands, í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjumum eða Kanada það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti, rafþósti eða á annan sannanlegan hátt nema force major aðstæður hindri en þá um leið og því ástandi léttir. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni, standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa og tilkynni hann atvinnurekanda innan þess frests hvaða læknir annist hann eða muni gefa út læknisvottorð, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum ástæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Atvinnurekandi á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á. Sömu reglur og að ofan greinir gilda um slys í orlofi.”

6. gr. skrifleg staðfesting ráðningar

Við ákvæði kjarasamninga um ráðningarsamninga og ráðningarbréf bætist eftirfarandi ákvæði:

Réttur til skaðabóta

„Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum.”

7. gr. afgreiðsla kjarasamninga

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 þann 10. mars 2014.

8. gr. viðræðuáætlun


Viðræðuáætlun um nýjan heildarsamning verður í samræmi við aðfarasamning á milli félaga innan ASÍ og Samtaka atvinnulífsins frá 21. desember 2013 eftir því sem við á.

9. gr. gildistími


Kjarsamningurinn gildir til 28. Febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík 21. febrúar 2014

F.h. samninganefndar Já hf. /
Samtaka Atvinnulífsins


Kristján Þórður Þórssen
Samtaka Atvinnulífsins

F.h. samninganefndar starfsmanna
Já hf./ Rafiðnaðarsamband Íslands,
Félag íslenskra símamanna


Kristján Þórður Þórssen
Guðrún Guðlaugsdóttir
Þunna Þveinsdóttir
Dagný Árni
Kristján Óskarsdóttir
Þóðóra Þórssen

Minnisblað vegna vinnu við endurskoðun kjarasamnings og framkvæmd samnings.

Í kjölfar samþykktar nýs kjarasamnings verður settur á fót vinnuhópur aðila sem yfirlfara skal kjarasamning með það að markmiði að gera heildstæðan kjarasamning fyrir starfsmenn Já. Vinnuhópurinn mun setja sér framkvæmdaáætlun svo tryggt sé að vinnunni ljúki á samningstímabilinu.

Samhliða vinnunni verða skoðuð eftirtalin atriði sem lúta að framkvæmd kjarasamningsins.

1. Ákvæði um vinnutíma verði endurskoðuð og skýrð til að tryggja rétta framkvæmd.
2. Framkvæmd á TimeCare og tímabanka verði skoðuð.
3. Réttarstaða tímavinnustarfsmanna verði yfirlarin í heild. Leitast verður við að skoða sérstaklega hvort starfsmenn sem sinnt hafi tilfallandi starfi fyrir Já, sjá fram á að geta unnið með reglulegum hætti, skilað ákveðnu starfshlutfalli og vinnuskyldu, sem henta viðkomandi og fyrirtækinu með það að marki að gera fast ráðningasamkomulag.
4. Kafli um vaktavinnu verði yfirlarin í heild til að tryggja rétta framkvæmd.
5. Ákvæði um matartíma á kvöldvakt verði virt.
6. Ákvæði um yfirvinnu og forgang fastráðinna starfsmanna í yfirvinnu verði skýrð til að tryggja rétta framkvæmd.
7. Hvíldartímaákvæði verði skoðuð og framkvæmd þeirra. Einnig ákvæði um frí vegna vaktavinnu.

21. Maí 2019
Lýðaltunarmálastofnun
V. Sædli

Kristján Þorleifsson
Gunnar Guðmundsson
Sunna Þreinsdóttir
RGA
Rogns Æral·Pind
Kristján Óskarsd.
Framkvæmdaransli